

Sparisjóðurinn í Keflavík

Ársreikningur samstæðu

2008

Sparisjóðurinn í Keflavík
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær
kt. 610269-3389

Sparisjóðurinn í Keflavík

Ársreikningur samstæðu

2008

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um eigið fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-42

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáraðila í Sparisjóðnum í Keflavík

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sparisjóðsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.


Ábending

Við viljum við vekja athygli á skýringu 43 með samstæðuársreikningnum þar sem fram kemur að í árslok 2008 var eiginfjárhlutfall Sparisjóðsins í Keflavík eins og það er skilgreint í 84.gr. laga nr. 161/2002 7,06% eða undir hinu lögboðna 8% hlutfalli. Stjórn hefur verið að vinna að úrbótum sem snúa meðal annars að jöfnun á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Einnig hefur Sparisjóðurinn fengið vilyrði fyrir víkjandi láni ásamt því að hafa sótt um aðstoð frá ríkinu byggt á neyðarlögunum nr. 125/2008. Ef aðgerðir stjórnar ganga ekki eftir og Ríkisvaldið ákveður að aðstoða ekki Sparisjóðinn í Keflavík, ríkir óvíska um framtíðarhorfur Sparisjóðsins.


Páll Steingrímsson
endurskoðandi

Kópavogi, 31. mars 2009

Deloitte hf.


Pálína Arnadóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Tap samstæðu Sparisjóðsins í Keflavík á árinu 2008 nam kr. 17.041.969.163 samanborið við hagnað kr. 1.889.783.914 fyrir árið á undan. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir Sparisjóðsins kr. 98.012.076.106 og er bókfært eigið fé í lok tímabils kr. 5.409.452.897. Eiginfjárlutfall samkvæmt ákvæðum 84. greinar laga um fjármálafyrirtæki var í árslok 7,06% en sambærilegt hlutfall í árslok 2007 var 22,18%.

Í lok tímabilsins voru stofnfjáraðilar 1659 en voru 1626 í upphafi árs og nam stofnfé Sparisjóðsins 16.471 milljón króna í lok árs 2008.

Stjórn Sjóðsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé sjóðsins. Stjórn leggur til að ekki verður greiddur arður.

Í lok árs 2008 er ljóst að Sparisjóðurinn í Keflavík hefur orðið fyrir áföllum í þeirri fjármálakreppu sem nú ríkir í heiminum og er eiginfjárlutfall eins og það er skilgreint samkvæmt 84. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki komið í 7,06% eða undir hið lögboðna 8% hlutfall. Hefur fjármálaeftirlitið verið upplýst um stöðuna í samræmi við lög og reglur. Stjórn Sparisjóðsins hefur verið að vinna að úrbótum og hefur meðal annars verið lögð vinna í að laga gjaldeyrisjöfnuð Sparisjóðsins, en með setningu reglugerðar 1130 frá 15. desember 2008 voru afleiðuviðskipti þar sem króna er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri óheimil. Afleiðingi af þessari lagasetingu var að gjaldeyrisjöfnuður varð ójafn. Aðgerðir til að bæta eiginfjárlutfallið hafa snúist um að færa útlán á milli gjaldmiðla og hefur tölverður ávinningu náðst nú þegar sem hefur bein áhrif á eiginfjárlutfall Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn hefur leitað eftir samningum við Seðlabanka og ríkisvaldið um framvirka samninga til að jafna gjaldeyrisstöðuna og er beðið eftir viðbrögðum. Ef Sparisjóðnum tekst að jafna gjaldeyrisjöfnuðinn að fullu, lagar það eiginfjárlutfallið um 3,12% í heild. Sparisjóðurinn hefur einnig fengið vilyrði fyrir vikjandi láni að fjárhæð 350 milljónir sem myndi styrkja eiginfjárstöðu sjóðsins en þessar aðgerðir munu laga eiginfjárlutfallið sem nemur 0,38% sem þýðir að Sparisjóðurinn nær þá 10,56% eiginfjárlutfalli. Stjórn Sparisjóðsins hefur einnig sótt um aðstoð frá ríkissjóði samkvæmt neyðarlögum nr. 25/2008 sem miðast við 20% framlag miðað við eiginfjárstöðu í árslok 2007 sem gerir 5,092 milljónir en það mundi hækka eiginfjárlutfall Sparisjóðsins um 5,5% ef það gengi eftir. Stjórn sjóðsins hefur lagt á það megináherslu síðastliðna mánuði að viðhalda rekstri halda forræði og hugsa um samfélagslega stöðu ásamt því að verja hagsmuni stofnfjäreigenda. Vísað er í skýringu nr. 43 um framtíðahorfur sjóðsins.

Að áliti stjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík koma fram í samstæðu ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Keflavík, 31. mars 2009

I stjórn


Þorsteinn Erlingsson
stjórnarformaður


Heimir Agústsson


Björgvin Sigurjónsson


Birgir Þór Runólfsson


Kristján G. Gunnarsson

Sparisjóðsstjóri


Geirmundur Kristinsson

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr.	Samstæða	
		2008	2007 *
Vaxtatekjur		12.996.031	5.062.160
Vaxtagjöld		(12.443.370)	(4.553.589)
Hreinar vaxtatekjur	6	<u>552.661</u>	<u>508.572</u>
Þjónustutekjur		580.429	505.063
Þjónustugjöld		(144.281)	(90.126)
Hreinar þjónustutekjur	7	<u>436.148</u>	<u>414.937</u>
Arðstekjur	8	242.327	312.339
Hreinar tekjur/(gjöld) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	9	(3.763.108)	1.635.197
Hreinar tekjur/(gjöld) af öðrum fjáreignum á gangv. í gegnum rekstur	10	(9.249.831)	3.243.737
Innleyst tap af fjáreignum til sölu		(94.216)	(5.792)
Gengismunur		6.478.671	(186.472)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	21	(4.599.591)	(2.080.240)
Aðrar rekstrartekjur	11	93.458	62.035
Hreint (rekstrartap) tekjur		<u>(9.903.481)</u>	<u>3.904.312</u>
Laun og launatengd gjöld	12	(933.982)	(680.693)
Annar rekstrarkostnaður		(1.410.107)	(794.058)
Afskriftir	25	(52.426)	(31.636)
Virðisrýrnun	14	(6.764.208)	(164.052)
(Tap) hagnaður fyrir skatta		<u>(19.064.203)</u>	<u>2.233.872</u>
Tekjuskattur	15	<u>2.022.234</u>	<u>(344.088)</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u><u>(17.041.969)</u></u>	<u><u>1.889.784</u></u>

* Samanburðartölur fyrir rekstrarliði í samstæðuársreikningi þessum fyrir árið 2007 innihalda aðeins tölur vegna Sparisjóðsins í Keflavík fyrir sameiningu við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga.

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2008	31.12.2007
Sjóður og innstæður í fjármálfyrirtækjum	16	1.206.188	4.873.617
Kröfur á fjármálfyrirtæki	17	195.208	946.250
Útlán og kröfur	18	84.479.458	62.369.485
Veltufjáreignir	19	4.633.301	7.562.486
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	20	2.270.621	11.821.029
Fjáreignir til sölu	21	354.059	514.162
Hlutdeildarfélag	22	495.909	1.937.561
Óefnislegar eignir	24	155.000	175.000
Rekstrarfjármunir	25	3.217.222	2.981.613
Fastafjármunir til sölu	26	509.970	398.284
Skatteign	33	304.664	0
Aðrar eignir	27	190.475	449.963
Eignir samtals		98.012.076	94.029.451
Skuldir			
Skuldir við fjármálfyrirtæki	28	10.520.074	3.155.638
Almenn innlán	29	54.693.415	38.912.232
Lántaka	30	22.227.781	18.209.222
Víkjandi lán	31	2.696.962	2.434.232
Lífeyrisskuldbinding	32	354.551	1.960.708
Skattskuld	33	113	1.710.867
Aðrar skuldir	34	2.109.728	2.185.542
Skuldir samtals		92.602.623	68.568.440
Eigið fé			
Stofnfé	35	16.471.329	13.571.894
Gangvirðisreikningar		(69.357)	3.511
Varasjóður		(10.915.807)	11.792.273
Eigið fé meirihlutaeigenda		5.486.164	25.367.678
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		(76.711)	93.333
Eigið fé samtals		5.409.453	25.461.011
Skuldir og eigið fé samtals		98.012.076	94.029.451

Eiginfjárfirlit

Breytingar á eigin fé 2008	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Annað eigið fé	Eigið fé		Samtals eigið fé
				meirihluta eigenda	Hlutdeild minnihluta	
Eigið fé 01.01.2008	13.571.894	11.738.564	57.220	25.367.678	93.333	25.461.011
Leiðrétt stofnfé 1.1.	118.594			118.594		118.594
Afskrift af sérstöku endurmati		330	(330)	0		0
Leiðrétt skattskuldbinding af sérst. endurm		1.980	(1.980)	0		0
Leiðrétting á eignarhluta í dótturfélagi		(36.747)		(36.747)	(6.755)	(43.502)
Leiðrétting v/IFRS við samruna		(219.517)		(219.517)		(219.517)
Matsbreyting fjáreigna		(771)	(72.869)	(73.639)		(73.639)
Tap tímabilsins		(16.878.680)		(16.878.680)	(163.289)	(17.041.969)
Arður		(2.791.525)		(2.791.525)		(2.791.525)
Sérstakt endurmat á stofnfé	198.649	(198.649)		0		0
Endurmat á stofnfé	2.582.192	(2.582.192)		0		0
Eigið fé 31.12.2008	16.471.329	(10.967.206)	(17.959)	5.486.164	(76.711)	5.409.453

Breytingar á eigin fé 2007	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Annað eigið fé	Eigið fé		Samtals eigið fé
				meirihluta eigenda	Hlutdeild minnihluta	
Eigið fé 31.12.2006	2.156.060	7.485.893	54.120	9.696.073	101.508	9.797.581
Leiðrétting (IFRS) vegna samruna	(32.760)			(32.760)		(32.760)
Eigið fé 01.01.2007, leiðrétt (IFRS)	2.123.300	7.485.893	54.120	9.663.314	101.508	9.764.822
Innborgað stofnfé	7.028.647			7.028.647		7.028.647
Sameining við Sparisjóð Vestfjarða	2.038.860	2.000.665		4.039.525		4.039.525
Sameining við Sparisjóð Húnaþings og Stranda	1.973.464	2.190.986		4.164.450		4.164.450
Leiðrétt framlag til lífeyrisskuldbindingar		(815.328)		(815.328)		(815.328)
Leiðrétt skattskuldbinding fyrra árs		146.759		146.759		146.759
Leiðrétting á eignarhluta í dótturfélagi		(15.171)		(15.171)		(15.171)
Afskrift af sérstöku endurmati		411	(411)	0		0
Matsbreyting fjáreigna			3.511	3.511		3.511
Hagnaður ársins		1.898.229		1.898.229	(8.445)	1.889.784
Leiðrétt hagnaðarhlutdeild í dótturfélagi				0	270	270
Arður		(746.258)		(746.258)		(746.258)
Endurmat á stofnfé	407.623	(407.623)		0		0
Eigið fé 31.12.2007	13.571.894	11.738.564	57.220	25.367.678	93.333	25.461.011

Samkvæmt samþykktum Sparisjóðsins nemur stofnfé hans 6,4 milljörðum króna að nafnverði og er hver hlutur ein króna. Í lok tímabilsins átti Sparisjóðurinn eigin stofnfjárbréf að fjárhæð 22,4 milljónir króna að nafnverði.

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008

	Skýr.	Samstæða	
		2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		(17.041.969)	1.889.784
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Reiknaðir skattar		(2.022.234)	344.088
Verðbætur víkjandi lána		262.730	125.793
Afskriftir		52.426	21.265
Virðisrýrnarir		6.725.819	164.052
Hlutdeildarhagnaður		4.599.591	2.051.891
Matsbreyting sérstakra fjáreigna gegnum rekstur		8.424.098	(3.231.757)
Gengisbreytingar og söluhagnaður eigna		1.317.474	0
		<u>2.317.936</u>	<u>1.365.116</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Lán og kröfur (hækkun) lækkun		(28.496.106)	(18.698.559)
Kröfur á fjármálastofnanir (hækkun) lækkun		751.042	(498.810)
Veltufjáreignir (hækkun) lækkun		2.552.259	2.042.161
Eignir í sölumeðferð (hækkun) lækkun		(111.686)	(97.768)
Aðrar eignir (hækkun) lækkun		110.838	(243.732)
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum lækkun (lækkun)		7.364.436	1.857.220
Innlán lækkun (lækkun)		15.781.183	10.143.031
Lántaka lækkun (lækkun)		3.409.229	3.190.133
Aðrar skuldir lækkun (lækkun)		(66.605)	(511.777)
Lífeyrisskuldbinding lækkun (lækkun)		(1.606.157)	94.590
Handbært fé frá rekstri		<u>2.006.370</u>	<u>(1.358.394)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum		(178.708)	815.844
Fjárfest í fjáreignum til sölu		(29.618)	(506.964)
Seldar fjáreignir til sölu		1.000	127.637
Fjárfest í eignarhlutum í hlutdeildarfyrtækjum		(3.150.414)	(2.465.708)
Seldir fastafjármunir		(10.187)	(2.297.708)
		<u>(3.367.928)</u>	<u>(4.326.899)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(2.791.525)	(746.258)
Nýtt (endurgreitt) stofnfé		118.594	6.996.218
		<u>(2.672.931)</u>	<u>6.249.960</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(4.034.489)	564.667
Handbært fé við samruna		367.060	3.117.012
Handbært fé í byrjun árs		4.873.617	1.191.938
Handbært fé í lok tímabils		<u>1.206.188</u>	<u>4.873.617</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sparisjóðurinn í Keflavík er skráður með lögheimili í Keflavík. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Sparisjóðsins í Keflavík og dótturfélaga hans, sem vísað er til í heild sem "Sparisjóður". Ársreikningur fyrir árið 2008 er gerður í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill sjóðsins. Lista yfir dótturfélag Sparisjóðsins í Keflavík er að finna í skýringu 23.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Sparisjóðsins í Keflavík er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) sem tóku gildi á reikningssárinu. Þessir staðlar og túlkanir eru:

IAS 39 - *Fjármálagæringar: Skráning og mat* (endurbættur 2008).

IFRIC 11 - *IFRS 2 - Færslur vegna samstæðu og eigin hlutabréfa*

IFRIC 12 - *Ívilnanir frá opinberum aðilum vegna þjónustusamninga*

IFRIC 14 - *LAS 19 - Takmörkun á réttindatengdum eignum, kvaðir um lágmarksfjármögnun og samþil þeirra*

Innleiðing á ofangreindu hefur ekki leitt til breytinga á reikningskilum félagsins.

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi nýjir eða endurbættir staðlar og túlkanir verið samþykktir, en ekki tekið gildi:

IFRS 2 (endurbættur) - *Eignarhlutatengd greiðsla* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IFRS 3 (endurbættur) - *Sameining félaga* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar);

IFRS 8 - *Starfsþáttayfirlit* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningskila* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IAS 23 (endurbættur) - *Lántökukostnaður* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IAS 27 (endurbættur) - *Samstæðureikningskil og aðgreind reikningskil* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar);

IAS 39 (endurbættur) - *Fjármálagæringar: skráning og mat* (gildir fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar);

Ýmsir staðlar - *Minnibáttar breytingar voru gerðar á ymsum stöðlum vegna árlegra endurbóta Alþjóðlegu reikningskilaneftdarinnar* (flestar breytinganna taka gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar).

IFRIC 13 - *Trygðarkerfi viðskiptavina* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2008 eða síðar);

IFRIC 15 - *Samningar um byggingu fasteigna* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar);

IFRIC 16 - *Ahattuörn vegna nettó fjárfestingar í erlendri starfsemi* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. október 2008 eða síðar);

IFRIC 17 - *Útblutun eigna til hluthafa, í öðru en reidufé* (tekur gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar);

Innleiðing IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningskila* felur í sér að sýna þarf sérstaklega heildarafkomu (e. comprehensive income) en með heildarafkomu er átt við breytingar á eigin fé aðrar en færslur sem tengjast hluthöfum. Heimilt er að setja fram yfirlit yfir heildarafkomu á tvo vegu. Annars vegar er heimilt að bæta viðeigandi eigin fjár hreyfingum við hefðbundinn rekstrarreikning og draga þannig fram heildarafkomu, hins vegar er heimilt að birta yfirlit yfir heildarafkomu í sérstöku tölu yfirliti til viðbótar við hefðbundinn rekstrarreikning.

Innleiðing IAS 23 (endurbættur) - *Lántökukostnaður* felur í sér að ekki er lengur heimilt að gjaldfæra lántökukostnað sem tengist kaupum, byggingu eða framleiðslu á eignfærsluhæfri eign (e. qualifying asset) og því skylda að eignfæra hann sem hluta af kostnaðarverði viðkomandi eignar. Allan annan lántökukostnað skal gjaldfæra.

Innleiðing IFRS 3 (endurbættur) - *Sameining félaga* felur í sér að í stað þess að eignfæra kostnað sem beint tengist kaupum/sameiningu félaga ber að gjaldfæra slíkan kostnað þegar hann fellur til. Innleiðing á staðlinum getur einnig haft í för með sér breytingu á færslu viðskiptavildar tengdri hlutdeild minnihluta, meðferð á kaupum í skrefum (e. step acquisition) og meðferð á sölu hluta í dótturfélagum.

Skýringar

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt (framhald)

Stjórnendur gera ráð fyrir að almennt muni innleiðing ofangreindra staðla og túlkana ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað, að undanskildu auknum kröfum um upplýsingar um starfsþætti í skýringum sem innleiðing IFRS 8 - *Starfsþættir* hefur í för með sér. Af ofangreindum endurbættum eða nýjum stöðlum og nýjum túlkunum sem alþjóðlega reikningsskilanefndin hefur samþykkt, er það eingöngu IFRS 8 sem hefur fengið samþykki Evrópusambandsins.

3. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Sparisjóðsins er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að veltufjáreignir og veltufjárskuldir og fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur, eru færðar á gangvirði.

Fastafjármunir og eignasamstæður sem eru til sölu eru metin á því sem lægra er af bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, nema þar sem alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn IFRS 5 gerir kröfu um að annar grundvöllur sé notaður við mat þeirra.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru endurskoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á yfirstandandi tímabil þegar matið hefur einungis áhrif á það tímabil. Hins vegar er breytingin færð á yfirstandandi tímabil og síðari tímabil ef hún hefur áhrif á þau tímabil.

Í skýringu 4 er fjallað um ákvarðanir sem stjórnendur hafa tekið við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem hafa mikil áhrif á árschlutareikninginn og um mót þar sem veruleg hætta er á að þeim verði breytt mikið á næsta ári.

3.1 Samstæða

Ársreikningur Sparisjóðsins tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi.

Meðal markmiða samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirråd. Yfirråd eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Yfirråd eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir meira en helmingi atkvæðisréttar dótturfélagsins. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirråd nást og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferð í reikningsskilum er beitt við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð dótturfélags er matið gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, skulda sem stofnað er til eða eru yfirteknar og útgefinna eiginfjárgerninga á viðskiptadegi, auk þess kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og hægt er að aðgreina eru í upphafi metnar á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hlutdeildar minnihluta. Sú fjárhæð sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtækna dótturfélags er mismunurinn færður beint á rekstrarreikning.

Skýringar

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

b) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhag og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir á milli 20% og 50% atkvæðisréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðisrétti ef einhver er. Fjárfesting í hlutdeildarfélagum er upphaflega færð á kostnaðarverði.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í bókfærðum hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem áður hafði ekki verðið fært hefur verið jafnað.

c) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Staða milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður eða tap og tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag og samrekstrarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félagunum. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisryrnunar fjárfestinganna.

3.2 Samrunar

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þegar hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Við kaup á dótturfélagum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangvirðis á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild.

Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á tímabilinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söluþegi eftir því sem við á.

3.3 Erlendis gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi dags er gangvirði var ákveðið.

3.4 Afleiður

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar sem falla undir gildissvið IAS 39, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á gengi undirliggjandi eigna eða skulda (eins og verð á hlutbréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum eða gjaldmiðlum eða vaxtastigi), og krefjast engrar eða óverulegrar upphaflegrar fjárfestingar miðað við gerð annarra sambærilegra samninga sem hafa svipaða tengingu við breytingar á markaðsþáttum og gerðir eru upp á ákveðnum tíma í framtíðinni.

Skýringar

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.4 Afleiður (framhald)

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði er fært í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar á rekstrargrunni. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal veltufjáreigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal veltufjárskulda.

Innbyggðar afleiður sem eru hluti af öðrum samningum eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalegum samningum sem þær eru hluti af og sá samningur er ekki færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Ákvörðun gangvirðis er í samræmi við reikningskilaaðferð sem útskýrð er í skýringu 3.9.

3.5 Útlán

Útlán og kröfur eru óafleiðutengdar fjáreignir með föstum eða skilgreindum gjalddögum sem eru ekki skráðar á virkum markaði. Útlán og kröfur innifela lán sem Sparisjóðurinn veitir viðskiptavininum sínum, þátttöku í útlánnum frá öðrum lánveitendum, og yfirtekin lán sem eru ekki skráð á virkum markaði og sjóðurinn hefur engar áætlanir um að endurselja strax eða í náninni framtíð.

Útlán eru færð þegar lántakendum eru greiddir út fjármunir tengdir útlánum. Fjáreignir eru við upphaflega skráningu færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk viðskiptakostnaðar. Útlán eru því næst færð á kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðri fjárhæð lána og krafna.

3.6 Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru þær fjáreignir sem hafa verið keyptar í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða á miðlaraþóknunum.

Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði sem eru ekki skilgreindar í áhættuvarnarsambandi eða eru ekki virk áhættutæki.

Veltufjáreignir eru metnar á gangvirði. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum koma fram í rekstrarreikningi undir liðnum *Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum*. Vaxta- og arðstekjur af þessum eignum eru innifaldir í *Vaxtatekjum og arðstekjum* í rekstrarreikningi.

3.7 Sérstakar fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur

Sparisjóðurinn tilgreinir sérstakar fjáreignir í upphafi sem fjáreignir á gangvirði þar sem breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum rekstrarreikning, þegar sú flokkun felur í sér meira viðeigandi upplýsingar vegna þess að:

- flokkunin eyðir eða dregur verulega úr reikningshaldslegu ósamræmi í mati eða færslu sem gæti myndast við það að meta eignir eða skuldir eða færa hagnað og tap af þeim með ólíkum hætti, eða
- fjáreignum og/eða fjárskuldum er stýrt og er afkoma þeirra metin á gangvirðisgrunni samkvæmt áhættu-
stýringu og fjárfestingastefnu Sparisjóðsins og upplýsingar til lykilstjórnenda eru veittar með þessum hætti.

Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði með breytingar færðar í rekstrarreikning eru sýndar í rekstrarreikningi sem *Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur*. Vextir og arðgreiðslur eru innifaldir í Hreinum vaxtatekjum og arðstekjum. Vaxtatekjur af lánum eru færðar miðað við virka vexti.

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.8 Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu eru óskráð hlutabréf sem eru aðallega langtímafjárfesting.

Fjáreignir til sölu eru metnar á gangvirði. Óinnleystur hagnaður eða tap, eftir útreikning tekjuskatts, er fært á eigið fé, þar til þær eru seldar eða ákveðið að afskrifa þær. Við það að selja eignirnar er uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært var á eigið fé flutt í rekstrarreikning undir liðinn *Innleystur hagnaður/tap af fjáreignum til sölu*. Hagnaður og tap af sölnni er reiknaður út frá meðaltals kostnaðarverði.

Vextir og arðstekjur af fjáreignum til sölu eru innifaldar í *Vaxtatekjum og arðstekjum* í rekstrarreikningi. Gengishagnaður af hlutabréfum er færður á eigið fé en gengishagnaður af skuldabréfum er færður í rekstrarreikning undir liðnum *Gengismunur*.

3.9 Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru að verulegu leyti áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjársteymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Sparisjóðurinn sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á upplýsingum frá virkum markaði.

Besta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggjast eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi færir Sparisjóðurinn hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

3.10 Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem Sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda.

Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjársteymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af eignarhaldinu hefur verið flutt frá samstæðunni.

Fjárskuld er skráð þegar Sparisjóðurinn verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding Sparisjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

3.11 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda nettó eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.12 Leigusamningar

Sparisjóðurinn flokkar leigusamninga eftir því að hversu miklu leyti áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á leigðum eignum eru færð til leigutakans. Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Leigusamningar eru skilgreindir sem rekstrarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu eru ekki efnislega færð frá leigusala til leigutaka.

a) Fjármögnunarleiga

Kröfur sparisjóðsins vegna leigusamninga sem eru flokkaðir sem fjármögnunarleiga eru færðar í efnahagsreikningi undir liðnum *Lán og kröfur*. Fjármögnunarleigusamningar eru upphaflega færðir í efnahagsreikning miðað við hreina fjárbindingu í leigusamningum. Leigugreiðslur eru færðar á móti útistandandi heildarleigugreiðslum og koma til lækkunar á bæði höfuðstól og óhöfnum vaxtatekjum af leigusamningum.

Sparisjóðurinn færir fjármögnunarleigutekjur sem vaxtatekjur með þeim hætti að tekjufærslan gefi fasta vexti á tímabilum innan leigutímans miðað við eftirstöðvar af hreinni fjárbindingu í leigusamningum. Innreiknaðir vextir fjármögnunarleigusamninga eru skilgreindir með þeim hætti að beinn kostnaður verður hluti af kröfum Sparisjóðsins vegna fjármögnunarleigusamninga og er hann gjaldfærður yfir leigutíma.

b) Rekstrarleiga

Leigugreiðslur af rekstrarleigusamningum þar sem sparisjóðurinn er leigutaki eru gjaldfærðar miðað við línulega aðferð á leigutímanum. Fasteignir sem sparisjóðurinn leigir til annara í formi rekstrarleigu eru flokkaðir sem fjárfestingaeignir í efnahagsreikningi.

3.13 Óefnislegar eignir

Viðskiptavild

Sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað eftir 1. janúar 2006 eru færðar samkvæmt kaupaðferðinni. Viðskiptavild er færð ef hún myndast við kaup á dótturfélögum. Að því er varðar sameiningar sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2006 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við sameiningarnar og gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna sem keyptar eru.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum. Viðskiptavild er tengd fjárskapandi einingum og er ekki afskrifuð, en árlega er gert virðisrýrnunarpróf vegna hennar. Að því er varðar hlutdeildarfélög er bókfært verð viðskiptavildar innifalið í bókfærðu verði fjárfestinga í hlutdeildarfélögum.

3.14 Rekstrarfjármunir

a) Eignir í eigu Sparisjóðsins

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartapi í samræmi við kostnaðarlíkanið samkvæmt IAS 16.

Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi líkt og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

Skýringar

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.14 Rekstrarfjármunir (framhald)

b) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður þegar hann fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til Sparisjóðsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Ákvörðun um hvort kostnaði sem fellur til síðar er bætt við bókfært verð eignar byggist á hvort skipt hafi verið um sjáanlegan íhlut, hluta af slíkum íhlut, eða hvort eðli þess kostnaðar sem fellur til síðar sé á þann veg að hann sé framlag í nýjan íhlut. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

c) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af rekstrarfjármunum eftir að hrakvirði hefur verið dregið frá. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikninginn. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir.....	25-50 ár
Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og tæki.....	7-15 ár
Bifreiðar	4 ár

Svo framarlega sem niðurlagsverð er ekki óverulegt er það endurmetið árlega.

3.15 Fastafjármunir og eignasamstæður til sölu

Eignir og skuldir í eignasamstæðum til sölu sem upphaflega hafa verið keyptar til notkunar í rekstri eru færðar í bókhaldi í samræmi við mats- og skráningarreglur viðeigandi reikningskilastaðals. Við upphaflega flokkun sem eign til sölu, eru fastafjármunir og eignasamstæður til sölu færð á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Virðisýrnnunartap sem myndast við upphaflega flokkun sem fastafjármunur eða eignasamstæða til sölu er færð í rekstrarreikning. Hækkun gangvirðis að frádregnum sölukostnaði á síðari uppgjörsdögum er fært til tekna í rekstrarreikningi og til hækkunar á bókfærðu verði eigna eða eignasamstæðu að svo miklu leyti sem hækkunin fer ekki umfram það virðisýrnnunartap sem áður var gjaldfært vegna viðkomandi eigna eða eignasamstæða.

Fastafjármunir til sölu eru fullnustueignir sem eru í söluferli.

3.16 Lántaka

Lántaka Sparisjóðsins eru einkum útgefin skuldabréf. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frádregnum kostnaði vegna viðskiptanna. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökkunnar.

3.17 Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum Sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 31. Annars vegar er um að ræða skuldabréf sem eru án gjalddaga og óheimilt er að greiða upp fyrr en 2011 og þá einungis með samþykki Fjármálaeftirlitsins. Bréfin teljast til eiginfjárbáttar A. Hins vegar eru skuldabréf sem endurgreiðast á næstu 11 árum. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

Víkjandi lán eru upphaflega skráð á gangvirði að frádregnum kostnaði vegna viðskiptanna. Víkjandi lán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði víkjandi lána.

Skýringar

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.18 Lífeyrisskuldbinding

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna lífeyrisskuldbindinga er núvirði skuldbindingar á reikningskiladegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar er ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi miðað við vaxtastig ríkisskuldabréfa. Vextir til að núvirða lífeyrisskuldbindinguna eru 2%.

3.19 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning þegar lagaleg skylda, sem leiðir af liðnum atburðum, hvílir á Sparisjóðnum, og líklegt þykir að ústreymi hagrænna gæða þurfi að koma til við uppgjör skuldbindingarinnar. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarfjárstreymi með hlutfalli fyrir skatta og meta þannig áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

3.20 Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

3.21 Eigið fé

a) Stofnfé

Ef stofnfé er keypt af stofnfjáraðila er sú fjárhæð sem greidd er, þar með talinn viðskiptakostnaður, færð til lækunar á eigin fé.

b) Aðgreiðslur

Aðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af aðalfundi stofnfjáraðila.

3.22 Handbært fé

Til handbærs fjár í yfirliti um sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í fjármálafyrirtækjum, ríkisvixlar endurseljanlegir í fjármálafyrirtækjum og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

3.23 Tekjur og gjöld

a) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflega bókfærðu verði vaxtaberandi fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

Skýringar

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.23 Tekjur og gjöld (framhald)

Ef fjáreign eða hópur sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunartapið. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búíð er að taka tillit til virðisrýrnunar.

b) Þjónustutekjur

Sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem hann fær greitt fyrir eins og tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta, tekjur af eignastýringu auk annarra tekna. Þóknarir vegna þjónustu sem veitt er yfir ákveðið tímabil er dreift eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknunum vegna árangurstengdrar þjónustu eru færðar þegar forsendur fyrir árangurstengingunni eru uppfylltar.

c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning miðað við þann dag sem arðgreiðsla er samþykkt.

d) Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum fela í sér hagnað og tap vegna sölu, innlausnar og breytinga í gangvirði veltufjáreigna og veltufjárskulda.

e) Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur

Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning fela í sér hagnað og tap vegna sölu og breytinga í gangvirði fjáreigna sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur.

f) Rekstrargjöld

Til rekstrargjalda teljast laun og launatengd gjöld, afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna og annar kostnaður svo sem húsnæðis-, markaðs- og tölvukostnaður.

3.24 Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna Sparisjóðsins, annarra en reiknaðrar skattinneignar og fjáreigna á gangvirði gegnum rekstur er endurskoðað á hverjum reikningskiladegi til þess að ganga úr skugga um að eignin hafi ekki rýrnað að verðmæti. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðskapandi einingar er herra en endurheimtanlegt verðmæti hennar.

a) Virðisrýrnun útlána

Ef eitthvað bendir til virðisrýrnunar útlána er bókfært verð þeirra lækkað gegnum sérstakan afskriftareikning, til núvirts endurheimtanlegs virðis, miðað við upphaflega vexti.

Ef virðisrýrnun gengur síðar til baka og slíkt má rekja til atburðar eftir að virðisrýrnun var færð, skal virðisrýrnun bakfærð að því marki sem hún er nú ofmetin með því að lækka afskriftareikning. Bakfærslan er færð í rekstrarreikning eins og upphaflega virðisrýrnunin.

Stjórnendur Sparisjóðsins meta fyrst hvort merki um virðisrýrnun eru til staðar fyrir hverja einstaka fjáreign sem telst veruleg ein og sér. Lán og kröfur sem ekki falla í þann flokk eru metin sem hluti af safni sem er metið í heild sinni með tilliti til virðisrýrnunar. Við mat á slíku safni er gengið út frá því að lán í slíku safni séu í eðli sínu áþekkt hvað varðar útlánaáhættu. Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun er skoðað hvort líklegt sé að vænt framtíðarsjóðstreymi lánasafnsins hafi orðið fyrir skerðingu og hvort hægt sé að meta rýrnunina án þess þó að eynamerkjja hana ákveðnum lánum.

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.24 Virðisrýrnun (framhald)

Tvær grunnaðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnunartap, annars vegar á einstökum lánnum og hins vegar tap á ákveðnum lánaöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun innihalda sýnileg gögn um eftirfarandi aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðuleikar lántakanda;
 - (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgun á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
 - (iii) Samstæðan veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
 - (iv) Það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
 - (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslegu eign vegna fjárhagslegra vandræða; eða
 - (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánasafni frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakrar fjáreignir í safninu, þar á meðal;
- óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu; eða
 - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsástæður sem tengjast eignum Sparisjóðsins.

Útlán metin hvert fyrir sig

Virðisrýrnun á einstökum útlánnum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Samstæðan metur á hverjum reikningskiladegi hvort fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við ákvörðun slíks virðisrýrnunartaps á einstökum metnum lánnum er tillit tekið til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta Sparisjóðsins gagnvart viðskiptavininum;
- upphæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líklegur ágóði til Sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarupphæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindi á endurheimtu með árangri; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við endurheimt útistandandi upphæða.

Virðisrýrnunartap er reiknað með því að bera saman núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti lánsins, við núverandi bókfært verð og fjárhæð taps sem er fært í rekstrarreikning. Bókfært verð virðisrýrðra lána er lækkað með notkun afskriftareiknings. Þegar lán er með breytilegum vöxtum, er ávöxtunarkrafa við mælingu á virðisrýrnunartapi núverandi virkir vextir lánsins.

Söfn útlána metin

Þar sem útlán hafa verði metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra lánaáhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun. Þetta tap nær til lána sem eru virðisrýrð á reikningskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Skýringar

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.24 Virðisrýrnun (framhald)

Virðisrýrnun á safni er ákvörðuð með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi í lánasafni sem metið er með tilliti til virðisrýrnunar er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna.
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá tapi þar til tapið er greint og fært með sérstöku framlagi í afskriftareikning;
- framtíðarsjóðsstreymi í lánasafni sem er metið vegna virðisrýrnunar er áætlað á grundvelli samningsbundins fjárstreymis; og
- mat stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig og raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaður tími milli taps og staðfestingar á því er ákvarðaður fyrir hvert tilgreint safn.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignahópum ættu að vera í samræmi við breytingar á sýnilegum gögnum á hverjum tíma (til dæmis breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á safninu og stærð taps). Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega af samstæðunni til að lágmarka mun á áætluðu og raunverulegu tapi.

Endanlegar afskriftir

Útlán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á að endurheimta fjárhæðirnar sem færðar eru út.

Víðsnúningur virðisrýrnunar útlána

Ef virðisrýrnun lækkar síðar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýrnunin var viðurkennd, þá er fyrir færsla á virðisrýrnun tekjufærð á rekstrarreikningi.

Fullnustueignir

Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru skráðir sem fastafjármunir til sölu og færðir í efnahagsreikning. Fengin eign er færð á gangvirði að fráðregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að fráðregnu virðisrýrnunartapi, hvort sem lægra reynist. Ekki eru reiknaðar afskriftir á fastafjármuni í sölu. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að fráðregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýrnunartap í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkar á gangvirði að fráðregnum sölukostnaði, að því marki sem það fer ekki yfir heildarvirðisrýrnunartap, eru færðar á rekstrarreikning.

b) Virðisrýrnun viðskiptavildar

Sparisjóðurinn metur árlega hvort einhver merki séu um að viðskiptavild hafi rýrnað að verðmæti, en þá er viðskiptavildin færð niður. Söluhagnaður og -tap sem myndast við sölu dótturfélaga inniheldur alla óafskrifaða viðskiptavild sem tengist viðkomandi dótturfélagi.

c) Virðisrýrnun fjáreigna til sölu

Sparisjóðurinn ákvarðar að hlutabréf sem færð eru sem fjáreignir til sölu hafi rýrnað að verðmæti ef um varanlega lækkun á verði þeirra niður fyrir kostnaðarverð er að ræða. Mat á því hvað telst varanlegt í þessu sambandi krefst mats. Við slíkt mat tekur sparisjóðurinn til dæmis flökt á gengi hlutabréfa með í reikninginn. Virðisrýrnun kann að vera til staðar ef merki eru um versnandi fjárhag þess félags sem fjárfest var í, slæmt gengi í viðkomandi atvinnugrein, breytingar á tækniumhverfi eða versnandi sjóðstreymi. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Skýringar

3. Reikningskilaaðferðir (framhald)

3.24 Virðisrýrnun (framhald)

d) Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð

Endurheimtanleg fjárhæð útlána og krafna Sparisjóðsins er reiknuð sem núvirt framtíðarsjóðstreymi. Vextir sem notaðir eru til núvirðingar fastvaxtalána eru afkastavextir sem reiknaðir voru við upphaflega færslu lánsins en vextir sem notaðir eru til afvöxtunar lána á breytilegum vöxtum eru afkastavextir á viðkomandi tíma.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint söluverð eða nýtingarvirði, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu fyrir skatta, sem endurspeglar núverandi markaðsaðstæður og tímavirði peninga sem og áhættu sem tengist viðkomandi eign. Ef um eign er að ræða sem ekki gefur af sér sjálfstætt sjóðstreymi skal meta endurheimtanlega fjárhæð fyrir þá sjóðskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

e) Bakfærsla virðisrýrnunar

Virðisrýrnun eignar sem færð er á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef viðsnúningur á virðisrýrnuninni tengist atburði sem á sér stað eftir að eignin var færð niður.

Virðisrýrnun sem tengist skuldabréfum sem færð eru sem fjáreignir til sölu er bakfærð gegnum rekstrarreikning. Virðisrýrnun hlutabréfa sem færð eru sem fjáreignir til sölu er hins vegar ekki bakfærð gegnum rekstrarreikning.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

Hvað aðrar eignir varðar, er virðisrýrnun bakfærð ef breyting verður á mati á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki sem bókfært verð eignar nær ekki hærri fjárhæð en verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð í upphafi (að teknu tilliti til afskrifta).

3.25 Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu tímabilsins samanstendur af skatti til greiðslu og frestuðum skatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikninginn að undanskildum þeim tilfellum þegar hann tengist liðum sem skráðir eru beint í eigin fé, en þá er hann bókaður þar líka.

Skattur til greiðslu er sá skattur sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða af tekjuskattskyldri afkomu tímabilsins, miðað við skattprósentur í gildi eða sem búið er að tilkynna um að verði í gildi á lokadagsetningu efnahagsreiknings, og allar breytingar sem gerðar hafa verið á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestuð skattinæign og skattskuld hefur verið reiknuð og bókuð í efnahagsreikning. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn Sparisjóðsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hans. Tekjuskattskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinæign er færð vegna tímamismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Reiknaðar skattinæignir og skattskuldbindingar eru einungis færðar til lækkunar hvor á annarri ef þær tengjast sköttum sem lagðir eru á af sömu skattyfirvöldum.

Bókfært verð reiknaðrar skattinæignar er yfirfarið á reikningsskiladegi og fært niður ef ekki eru lengur taldar líkur á að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni vera nægjanlegur til að nýta eignina að fullu leyti eða að hluta. Frestaðar skatteignir eru lækkaðar þannig að það er ekki lengur líklegt að tengdur skattur verði innleystur.

Skýringar

4. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Sparisjóðurinn framkvæmir mat og beitir ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skuldbindinga. Þetta mat og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggjast á reynslu og öðrum þáttum, þar með talið væntingum til atburða í framtíðinni, sem taldar eru raunhæfar við núverandi kringumstæður.

Útlánasafnið er endurskoðað reglulega til að meta virðisrýrnun. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf félagið að meta hvort sýnileg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðsstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkun verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggist á sögulegri reynslu af eignum með einkenni tapsáhættu og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði upphæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn á áætluðu tapi og raunverulegu tapi.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er aðgreinanlegur hluti Sparisjóðsins sem annaðhvort selur vöru eða veitir þjónustu (rekstrarstarfspáttur) eða selur vörur eða veitir þjónustu innan tiltekins landsvæðis (landsvæðisstarfspáttur), sem er háður áhættu og ávinningi sem eru frábrugðnir áhættu og ávinningi annarra starfspátta. Sparisjóðurinn skilgreinir starfsemina sem tvo starfspætti. Viðskiptabankastarfsemi felst í inn- og útlánastarfsemi ásamt rágjöf til einstaklinga og fyrirtækja. Fjárfestingastarfsemin felst að mestu leyti í verðbréfafjárfestingum félagsins, ásamt fjárstýringu. Starfsemi félagsins fer öll fram á Íslandi.

Árið 2008	Viðskipta- bankasvið	Fjárfestingar	Samtals
Hreinar vaxtatekjur.....	3.545.270	(2.992.609)	552.661
Hreinar þjónustutekjur.....	400.251	35.897	436.148
Hreinar tekjur (gjöld) af fjáreignum.....	160.047	(13.024.875)	(12.864.828)
Hlutdeildarfélag og aðrar tekjur.....	6.518.785	(4.546.247)	1.972.538
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	10.624.353	(20.527.834)	(9.903.481)
Rekstrarkostnaður.....	(2.318.169)	(78.346)	(2.396.515)
Virðisrýrnun.....	(6.764.208)	0	(6.764.208)
Samtals gjöld	(9.082.377)	(78.346)	(9.160.723)
Afkoma fyrir skatta	1.541.977	(20.606.180)	(19.064.203)
Tekjuskattur.....	(172.312)	2.194.546	2.022.234
Afkoma ársins	1.369.665	(18.411.634)	(17.041.969)
Starfspáttaeignir	Viðskipta- bankasvið	Fjárfestingar	Samtals
Sjóður, innstæður í fjármálafyrirtækjum og útlán.....	84.627.237	1.253.618	85.880.855
Aðrar fjáreignir.....	976.217	6.777.674	7.753.891
Aðrar eignir.....	4.377.331	0	4.377.331
Samtals eignir	89.980.784	8.031.292	98.012.076

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit (framhald)

Starfsþáttaskuldir

Innlán, lántaka og víkjandi lán.....	71.491.087	18.647.145	90.138.232
Aðrar skuldir.....	2.464.392	0	2.464.392
Samtals skuldir	<u>73.955.478</u>	<u>18.647.145</u>	<u>92.602.623</u>
Eigið fé.....	16.025.306	(10.615.853)	5.409.453
Samtals skuldir og eigið fé	<u>89.980.784</u>	<u>8.031.292</u>	<u>98.012.076</u>

Árið 2007 *	Viðskipta- bankasvið	Fjárfestingar	Samtals
Hreinar vaxtatekjur.....	1.253.343	(744.772)	508.572
Hreinar þjónustutekjur.....	414.937		414.937
Hrein gjöld af fjáreignum.....	3.050.165	1.822.977	4.873.142
Hlutdeildarfélög og aðrar tekjur.....	(2.009.297)	116.958	(1.892.339)
Rekstrartekjur samtals	<u>2.709.148</u>	<u>1.195.163</u>	<u>3.904.312</u>
Rekstrarkostnaður.....	(1.424.653)	(81.734)	(1.506.387)
Virðisrýrnun.....	(164.052)	0	(164.052)
Samtals gjöld	<u>(1.588.705)</u>	<u>(81.734)</u>	<u>(1.670.439)</u>
Hagnaður fyrir skatta	<u>1.120.443</u>	<u>1.113.430</u>	<u>2.233.872</u>
Tekjuskattur.....	(422.425)	78.336	(344.088)
Hagnaður ársins	<u>698.018</u>	<u>1.191.766</u>	<u>1.889.784</u>

Starfsþáttaeignir	Viðskipta- bankasvið	Fjárfestingar	Samtals
Sjóður, innstæður í fjármálafyrirtækjum og útlán.....	67.490.906	698.446	68.189.352
Aðrar fjáreignir.....	13.277.135	8.558.103	21.835.238
Aðrar eignir.....	1.411.003	2.593.857	4.004.860
Samtals eignir	<u>82.179.045</u>	<u>11.850.406</u>	<u>94.029.451</u>
Starfsþáttaskuldir			
Innlán, lántaka og víkjandi lán.....	61.074.822	723.581	62.711.323
Aðrar skuldir.....	4.959.480	897.636	5.857.116
Samtals skuldir	<u>66.034.303</u>	<u>1.621.217</u>	<u>68.568.440</u>
Eigið fé.....	25.367.678	93.333	25.461.011
Samtals skuldir og eigið fé	<u>91.401.981</u>	<u>1.714.550</u>	<u>94.029.451</u>

Landfræðileg skipting er skilgreind af yfirstjórn Sparisjóðsins sem einn starfsþáttur. Öll starfsemin fer fram á Íslandi og því er ársreikningnum ekki skipt niður á landfræðilega starfsþætti.

* Samanburðartölur fyrir rekstrarliði í samstæðuársreikningi þessum fyrir árið 2007 innihalda aðeins tölur vegna Sparisjóðsins í Keflavík fyrir sameiningu við Sparisjód Húnaþings og Stranda og Sparisjód Vestfirðinga.

Skýringar

6. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld sundurliðast þannig:	2008	2007 *
Vaxtatekjur af kröfum á fjármálafyrirtæki.....	2.537.288	2.156.674
Útlán og kröfur.....	10.458.743	2.905.486
Vaxtatekjur samtals	<u>12.996.031</u>	<u>5.062.160</u>
Skuldir við fjármálafyrirtæki.....	1.500.400	396.736
Innlán	7.614.286	2.291.891
Verðbréfaútgáfa.....	3.176.003	1.699.788
Önnur vaxtagjöld.....	152.680	165.174
Vaxtagjöld samtals	<u>12.443.370</u>	<u>4.553.589</u>
Hreinar vaxtatekjur.....	<u>552.661</u>	<u>508.572</u>

7. Hreinar þjónustutekjur

Þjónustutekjur og þjónustugjöld sundurliðast þannig:	2008	2007 *
Verðbréfavíðskipti og ráðgjöf.....	35.897	157.190
Útlán.....	103.317	99.953
Ábyrgðabókun.....	16.702	8.027
Aðrar þjónustutekjur.....	424.513	239.892
Þjónustutekjur samtals	<u>580.429</u>	<u>505.063</u>
Millibankagjöld.....	78.318	60.622
Önnur þjónustugjöld.....	65.963	29.504
Þjónustugjöld samtals	<u>144.281</u>	<u>90.126</u>
Hreinar þjónustutekjur.....	<u>436.148</u>	<u>414.937</u>

8. Arðstekjur

Arðstekjur sundurliðast þannig:	2008	2007 *
Arðstekjur af veltufjáreignum.....	17.675	260.938
Arðstekjur af fjáreignum á gangvirði.....	217.772	50.617
Arðstekjur af fjáreignum til sölu.....	6.880	783
	<u>242.327</u>	<u>312.339</u>

* Samanburðartölur fyrir rekstrarliði í samstæðuársreikningi þessum fyrir árið 2007 innihalda aðeins tölur vegna Sparisjóðsins í Keflavík fyrir sameiningu við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga.

Skýringar

9. Hrein (gjöld) / tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hrein (gjöld) / tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum greinast þannig:	2008	2007 *
Hlutabréf og tengdar afleiður.....	(4.081.215)	1.161.064
Skuldabréf og tengdar afleiður.....	318.107	474.133
Hrein (gjöld) / tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum samtals	(3.763.108)	1.635.197

10. Hrein (gjöld) / tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur

Hrein (gjöld) / tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur greinist þannig:	2008	2007 *
Hlutabréf.....	(9.249.831)	3.243.737

11. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur sundurliðast þannig:	2008	2007 *
Húsaleigutekjur.....	37.042	37.500
Aðrar rekstrartekjur.....	56.416	24.535
	93.458	62.035

12. Starfsmannamál

Starfsmannafjöldi Sparisjóðsins umreiknaður í heilsársstörf er sem hér segir:

	2008	2007 *
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	142,3	99,5
Stöðugildi í lok ársins	127,6	101,0
þar af við bankastörf.....	124,6	98,0

* Samanburðartölur fyrir rekstrarliði í samstæðuársreikningi þessum fyrir árið 2007 innihalda aðeins tölur vegna Sparisjóðsins í Keflavík fyrir sameiningu við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga.

Skýringar

12. Starfsmannamál (framhald)

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2008	2007 *
Laun	819.146	520.692
Sérgreint framlag vegna lífeyrisskuldbindingar	0	10.502
Launatengd gjöld	114.836	149.499
	<u>933.982</u>	<u>680.693</u>

Launagreiðslur til stjórnenda Sparisjóðsins greinast þannig:

	Laun og hlunnindi	Eignarhlutur í árslok
Sparisjóðsstjóri		
Geirmundur Kristinsson.....	31.583	0
Sparisjóðsstjórn		
Þorsteinn Erlingsson, formaður.....	2.880	1.088
Kristján G. Gunnarsson, varaformaður.....	1.440	1.451
Birgir Þór Runólfsson.....	1.320	0
Björgvin Sigurjónsson.....	1.986	1.666
Hersteinn Heimir Ágústsson.....	2.748	9.640
Árni Björgvinsson, varamaður.....	120	41
Garðar Vilhjálmsson, varamaður.....	120	1.088
Margrét Ágústsdóttir, varamaður.....	240	23.642
Forstöðumenn (6).....	72.707	3.402
Fyrirverandi stjórnarmenn		
Guðjón Stefánsson.....	360	442
	<u>115.504</u>	<u>42.460</u>

13. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda Sparisjóðsins sundurliðast þannig:

	2008	2007 *
Endurskoðun ársreiknings.....	17.716	5.107
Könnun árs hlutareiknings.....	6.904	3.500
Önnur þjónusta.....	17.000	10.277
Samtals þóknun til endurskoðenda.....	<u>41.620</u>	<u>18.884</u>

Þar af er þóknun til annarra en endurskoðenda móðurfélagsins..... 12.344 0

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á ársreikningi og árs hlutareikningum auk vinnu sem stjórn Sparisjóðsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi þeirra. Undir önnur verkefni fellur einkum reikningshaldsleg aðstoð, skattaráðgjöf og aðstoð við samrunaferli.

* Samanburðartölur fyrir rekstrarliði í samstæðuársreikningi þessum fyrir árið 2007 innihalda aðeins tölur vegna Sparisjóðsins í Keflavík fyrir sameiningu við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga.

Skýringar

14. Virðisrýrnun

Virðisrýrnun sundurliðast þannig:

	2008	2007 *
Útlán og kröfur.....	6.706.332	163.716
Virðisrýrnun fjáreigna til sölu.....	37.876	337
Virðisrýrnun óefnislegra eigna.....	20.000	0
Virðisrýrnun samtals.....	6.764.208	164.052

15. Virkur tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 2.022 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts hjá móðurfélagi á árinu 2009 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

Í maí 2008 var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% og öðlaðist þessi lagabreyting gildi frá og með 1. janúar 2008. Áhrif lækkaðs skattshlutfalls á tekjuskattskuldbindingu í upphafi árs nemur 305 milljónum króna og er lækkunin tekjufærð í rekstrarreikningi á tímabilinu.

Jafnframt var gerð sú breyting á lögum um tekjuskatt að heimila frádrátt frá skattskyldum hagnaði af sölu hlutabréfa og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf. Frádráttur er þó einungis heimill ef yfirfæranlegt skattalegt tap, þar með talið tap ársins, hefur verið jafnað. Heimildin gildir um söluhagnað sem myndast á árinu 2008 eða síðar. Áhrif þess á reikningsskil félagsins eru þau að ekki er lengur færð í efnahagsreikning félagsins tekjuskattsskuldbinding vegna eignarhluta í félögum og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuldbinding lækkað um 1.501 milljónir króna miðað við 1. janúar 2008.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2008		2007 *	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(19.064.203)		2.233.872	
Skattshlutfall	(2.859.630)	15,0%	402.097	18,0%
Breyting á tekjuskattshlutfalli	(304.773)	1,6%	0	0,0%
Skattaleg áhrif v breytinga á tengdum félögum	0	0,0%	374.711	16,8%
Fenginn arður	(242.327)	1,3%	(312.339)	-14,0%
Mismunur vegna hlutabréfa	997.476	-5,2%	0	0,0%
Aðrir liðir	387.020	-2,0%	(120.381)	-5,4%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	(2.022.234)	10,6%	344.088	15,4%

* Samanburðartölur fyrir rekstrarliði í samstæðuársreikningi þessum fyrir árið 2007 innihalda aðeins tölur vegna Sparisjóðsins í Keflavík fyrir sameiningu við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga.

Skýringar

16. Sjóður og innstæður í fjármálafyrirtækjum

Sjóður og innstæður í fjármálafyrirtækjum greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Sjóður	300.661	346.330
Innstæður í fjármálafyrirtækjum aðrar en bindiskylda.....	905.528	4.527.287
	<u>1.206.188</u>	<u>4.873.617</u>

17. Kröfur á fjármálafyrirtæki

Kröfur á fjármálafyrirtæki greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Innlán í Sparisjóðabanka Íslands hf.....	195.208	446.250
Óverðtryggt útlán.....	0	500.000
	<u>195.208</u>	<u>946.250</u>

18. Útlán og kröfur

Útlán og kröfur greinast þannig eftir útlánsformum:

	31.12.2008	31.12.2007
Yfirdráttarlán.....	9.276.621	10.604.864
Afurða- og rekstrarlán.....	3.963.572	2.021.089
Víxlar.....	108.034	152.407
Skuldabréf.....	34.204.333	29.277.344
Erlend endurlán	36.688.629	20.146.029
Annað.....	238.270	167.753
	<u>84.479.458</u>	<u>62.369.485</u>

Útlán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum:

	31.12.2008	31.12.2007
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	0,98%	0,62%
Bæjar- og sveitarfélög	1,42%	0,64%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður	0,08%	0,44%
Sjávarútvegur	7,83%	5,98%
Verslun	13,56%	9,30%
Fjármálastofnanir.....	1,51%	1,08%
Iðnaður og byggingarstarfsemi	7,58%	7,78%
Samgöngur og flutningur.....	0,67%	0,83%
Þjónustustarfsemi	13,94%	16,99%
Annað	4,09%	2,45%
Einstaklingar og íbúðabyggingar	48,34%	53,90%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Skýringar

18. Útlán og kröfur (framhald)

Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:

	Sérstakur á skuldara	Sérstakur á útlána flokka	31.12.2008	31.12.2007
Afskriftareikningur í ársbyrjun	494.360	607.876	1.102.236	646.053
Áhrif upptöku IFRS.....	0	0	0	40.648
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun skv. IFRS.....	494.360	607.876	1.102.236	686.702
Fært inn í samstæðuna	0	0	0	417.279
Virðisrýrnun útlána og krafna á árinu	6.589.834	116.498	6.706.332	163.716
Endanlega töpuð útlán og kröfur	(883.078)	0	(883.078)	(183.298)
Innkomið áður afskrifað	6.524	0	6.524	17.837
Afskriftareikningur í lok ársins	6.207.640	724.373	6.932.013	1.102.236

19. Veltufjáreignir

Veltufjáreignir greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum.....	3.463.986	917.965
Skuldabréf útgefin af öðrum.....	186.767	437.716
Hlutabréf.....	850.277	6.085.511
Afleiðusamningar.....	132.271	121.294
	4.633.301	7.562.486

20. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Hlutabréf.....	2.270.621	11.821.029

21. Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Hlutabréf.....	354.059	514.162

Skýringar

21. Fjáreignir til sölu (framhald)

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og sameignarfélögum greinast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Hlutdeildarfélög í ársbyrjun.....	1.937.561	1.686.464
Leiðrétting á hlutdeildarfélögum vegna fyrra árs.....	158.884	0
Keypt hlutabréf.....	2.999.055	2.465.708
Seld hlutabréf.....	0	(688.376)
Hlutdeild í afkomu	(4.599.591)	(2.080.240)
Viðbót við samruna.....	0	554.005
Bókfært verð í lok ársins.....	495.909	1.937.561

22. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutar í hlutdeildarfyrtækjum og sameignarfélögum sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Hlutdeildarfélag	Starfsemi	Heimilsfang	Hlutdeild 2008	Hlutdeild 2007
Reiknistofa bankanna	Tölvuþjónusta	Reykjavík	3,18%	3,18%
Teris.....	Tölvuþjónusta	Kópavogi	15,56%	15,56%
Kista fjárfestingafélag ehf.....	Eignarhaldsfélag	Reykjavík	34,25%	34,25%
FSP Holding ehf.....	Eignarhaldsfélag	Reykjavík	25,39%	25,39%
SP eignir ehf.....	Eignarhaldsfélag	Reykjavík	50,00%	50,00%
SPR ehf.....	Ráðgjöf	Reykjavík	50,00%	50,00%
Protinus ehf.....	Eignarhaldsfélag	Reykjavík	50,00%	50,00%

Samanlagðar fjárhagslegar upplýsingar hlutdeildarféлага sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	31.12.2008	31.12.2007
Heildareignir	4.198.117	12.737.468
Heildarskuldir	(1.137.431)	(4.372.489)
Eigið fé	3.060.686	8.364.979
Hlutdeild Sparisjóðsins í eigin fé hlutdeildarféлага	362.183	1.686.464
	31.12.2008	31.12.2007
Heildartekjur ársins	4.877.632	4.056.020
Samanlögð afkoma ársins	13.099	528.644
Hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarféлага	(5.449.267)	140.125

Skýringar

23. Dótturfélög

Eignarhlutar í dótturfélögum greinast þannig:

	Heimilisfang	Hlutdeild	Atkvæðisréttur	Starfsemi
Sparisjóðurinn í Keflavík hf.....	Keflavík	100,00%	100,00%	Eignarhaldsfélag
Eyraeldi ehf.....	Ísafjörður	100,00%	100,00%	Eignarhaldsfélag
Þrælsfell ehf.....	Hvammstangi	100,00%	100,00%	Eignarhaldsfélag
Víkur ehf.....	Keflavík	100,00%	100,00%	Eignarhaldsfélag
Tjarnargata 12 ehf.....	Keflavík	64,90%	64,90%	Eignarhaldsfélag
Nikel ehf.....	Keflavík	55,00%	55,00%	Eignarhaldsfélag
Miðland ehf.....	Keflavík	55,00%	55,00%	Eignarhaldsfélag

24. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild
Staða 1.1.2007.....	175.000
Virðisrýrnun.....	0
Staða 1.1.2008.....	175.000
Virðisrýrnun.....	(20.000)
Staða 31. desember 2008.....	155.000

25. Rekstrarfjármunir

2008

	Fasteignir	Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	3.055.810	257.098	3.312.907
Eignfært á árinu	215.331	105.571	320.902
Selt og aflagt á árinu	(28.110)	(15.296)	(43.407)
Staða í árslok	3.243.030	347.372	3.590.402
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	193.558	137.736	331.294
Afskrift ársins	28.121	24.306	52.426
Selt og aflagt á árinu	(5.654)	(4.887)	(10.540)
Staða í árslok	216.025	157.155	373.181
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	2.862.252	119.361	2.981.613
Bókfært verð í árslok	3.027.005	190.217	3.217.222
Afskriftarhlutföll	2-4%	6-25%	

Skýringar

25. Rekstrarfjármunir (framhald)

2007	Húsbúnaður, skrifstofuáhöld		Samtals
	Fasteignir	og bifreiðar	
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	1.291.770	134.181	1.425.951
Viðbót við samruna	413.387	94.361	507.749
Eignfært á árinu	1.350.652	28.555	1.379.208
Staða í árslok	3.055.810	257.098	3.312.907
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	116.330	67.594	183.924
Viðbót við samruna	61.235	54.499	115.734
Afskrift ársins	15.993	15.644	31.637
Staða í árslok	193.558	137.736	331.294
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	1.175.440	66.587	1.242.027
Bókfært verð í árslok	2.862.252	119.361	2.981.613
Afskriftarhlutföll	2-4%	6-25%	
Opinbert mat rekstrarfjármuna Sparisjóðsins í lok árs var eftirfarandi:		31.12.2008	31.12.2007
Fasteignamat		649.799	979.642
Brunabótamat		1.678.248	2.455.888

26. Fastafjármunir til sölu

Fastafjármunir til sölu greinast þannig:	31.12.2008	31.12.2007
Fullnustueignir	509.970	398.284

Fullnustueignir samanstanda af eignum sem Sparisjóðurinn hefur innleyst til fullnustu krafna. Þessar eignir eru í tímabundinni eigu sjóðsins og eru sýndar í efnahagsreikningi eftir að tekið hefur verið tillit til virðisrýrnunar.

27. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	31.12.2008	31.12.2007
Ýmsar eignir	158.482	407.935
Áfallnar tekjur	31.993	42.028
	190.475	449.963

Skýringar

28. Skuldir við fjármálafyrirtæki

Skuldir við fjármálafyrirtæki sundurliðast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Skuldir við fjármálafyrirtæki.....	10.520.074	3.155.638

29. Almenn innlán

Innlán skiptast þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Óbundin innlán.....	38.736.015	28.411.706
Bundin innlán.....	12.889.684	8.940.096
Sérstök innlán	3.067.716	1.560.430
	54.693.415	38.912.232

30. Lántaka

Lántaka greinist þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Útgefin skuldabréf	5.869.016	885.165
Útgefnir víxlar	0	33.246
Verðbréfaútgáfa.....	2.605.415	2.756.279
Önnur lántaka.....	13.753.350	14.534.532
	22.227.781	18.209.222

31. Víkjandi lán

Víkjandi lán greinast þannig:

	Mynt	Vextir	Gjalddagi	Staða
Lán sem teljast til A-hluta eigin fjár:				
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	10,0%	Án gjalddaga	363.166
Samtals lán sem teljast til A-hluta eigin fjár				363.166

Skýringar

31. Víkjandi lán (framhald)

	Mynt	Vextir	Gjalddagi	Staða
Lán sem teljast til B-hluta eigin fjár:				
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	7,5%	2010	17.713
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	4,8%	2014	344.623
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	5,5%	2014	114.531
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	6,3%	2014	86.100
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	5,3%	2015	1.060.235
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	6,5%	2015	225.419
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	6,5%	2015	172.380
Skráð í Kauphöll Íslands.....	ISK	7,0%	2018	312.795
Samtals lán sem teljast til B-hluta eigin fjár.....				<u>2.333.796</u>
Víkjandi lán samtals.....				<u>2.696.962</u>

32. Lífeyrisskuldbinding

Sparisjóðurinn ábyrgist verðtryggingu á lífeyrisgreiðslum til starfsfólks. Tekið er tillit til þess við gerð ársreikningsins og hefur verið myndaður sjóður vegna lífeyrisskuldbindinga sem færður er til skuldar í efnahagsreikningi. Við útreikning skuldbindingarinnar var miðað við að raunávöxtun umfram launahækkanir verði 2 til 3%. Í upphafi árs 2008 var undirritað samkomulag um uppgjör áfallinna skuldbindinga Sparisjóðsins í Keflavík í Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar. Samkvæmt því samkomulagi greiddi Sparisjóðurinn að fullu áfallnar lífeyrisskuldbindingar til Eftirlaunasjóðsins og miðaðist uppgjorið við uppreiknaða stöðu skuldbindingarinnar þann 1. janúar 2007. Á þeim tímapunkti nam skuldbindingin 1.282.839 þúsund krónum. Í samanburðartölum í ársreikningi er þessi fjárhæð talin sem lífeyrisskuldbinding og var hún framreiknuð með vísitölu neysliverðs auk 5% vaxta eins og kveðið var á um í samkomulaginu.

Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

	31.12.2008	31.12.2007
Lífeyrisskuldbinding í upphafi tímabils.....	1.960.708	962.700
Leiðrétt framlag til lífeyrisskuldbindingar.....	0	738.097
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun.....	1.960.708	1.700.797
Greitt til Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar.....	(1.612.890)	0
Fært inn við samruna.....	0	88.090
Aukning á árinu.....	23.509	186.396
Greitt út á árinu.....	(16.776)	(14.575)
Lífeyrisskuldbinding í lok ársins.....	<u>354.551</u>	<u>1.960.708</u>

Skýringar

33. Skattinneign og skattskuldir

Skattur í efnahagsreikningi:

	Eignir	Skuldir
Skatteign.....	304.664	0
Tekjuskattur til greiðslu (frá dótturfélagi).....		113
Skattinneign / skattskuld í efnahagsreikningi.....	304.664	113

Breyting skatteignar og skattskuldbindingar á árinu greinist þannig:

	Eignir	Skuldir
Reiknuð skattskuldbinding 1.1.2007.....		1.519.999
Fært inn í samstæðuna.....		(22.323)
Leiðrétting á upphafsstöðu vegna hlutdeildarfélags.....		15.171
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2007.....		343.984
Leiðrétting vegna 2007.....		(146.069)
Reiknuð skattskuldbinding 31.12.2007.....	0	1.710.762
Skattskuldbinding leyst upp og flutt á skattinneign.....	(1.710.762)	(1.710.762)
Leiðrétting vegna dótturfélags.....	(6.921)	
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2008.....	2.022.347	
Reiknuð skattinneign / skuldbinding 31.12.2008.....	304.664	0

Reiknuð skattskuldbinding Sparisjóðsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	Eign
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(99.799)
Yfirfæranlegt skattalegt tap.....	404.462
Reiknuð skattinneign 31.12.2008	304.664

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	Móðurfélag	Dótturfélög
Frá hagnaði ársins 2009	106.397	24.281
Frá hagnaði ársins 2010	101.535	0
Frá hagnaði árána 2011-2018	1.730.130	1.090.779
	1.938.062	1.115.060

Ekki er reiknuð skattinneign af öllu yfirfæranlegu tapi vegna óvissu um nýtingu þess.

34. Aðrar skuldir

	31.12.2008	31.12.2007
Áfallin gjöld.....	181.162	282.918
Fjármagnstekjuskattur.....	916.439	438.276
Fyrirfram innheimtar tekjur.....	554.240	472.485
Aðrar skuldir.....	457.886	991.863
	2.109.728	2.185.542

Skýringar

35. Eigið fé

Eigið fé í árslok er um 5.409 milljónir króna eða um 5,52% af niðurstöðutölu efnahagsreikningsins. Heildar endurmetið stofnfé Sparisjóðsins er kr. 16.471 milljón að frádrögnum eigin stofnfjárbréfum að endurmetinni fjárhæð 50,5 milljónum. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 7,06% en má lægst vera 8%. Sjá skýringu nr. 43.

Sparisjóðurinn reiknaði eiginfjárlutfall sitt á árinu 2008 í fyrsta sinn samkvæmt nýjum reglum, Basel II. Helstu breytingarnar sem nýju reglurnar höfðu í för með sér voru að áhættugrunnur er nú samtala veginna áhættuþátta, svo sem útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu og rekstraráhættu sem starfssemi fjármálafyrirtækið felur í sér.

Eiginfjárlutfall reiknast þannig:	31.12.2008	31.12.2007
Eigið fé samkvæmt ársreikningi.....	5.409.453	25.461.011
Víkjandi lán A.....	363.166	312.108
Víkjandi lán B.....	2.316.083	2.049.258
Viðskiptavild	(155.000)	(175.000)
Eignarhlutar í fjármálafyrirtækjum.....	(504.041)	(12.000.878)
Eiginfjárgrunnur samtals	7.429.661	15.646.499
Eiginfjárfrafa vegna útlánaáhættu.....	4.939.193	4.444.914
Eiginfjárfrafa vegna markaðsáhættu.....	2.642.622	507.656
Eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu.....	837.215	690.479
Eiginfjárfrafa samtals	8.419.030	5.643.049
Eiginfjárlutfall.....	7,06%	22,18%

36. Upplýsingar um tengda aðila

Sparisjóðurinn hefur skilgreint samband tengdra aðila við dótturfélög sín, stjórn móðurfélagsins, sparisjóðsstjóra og aðra stjórnendur Sparisjóðsins, framkvæmdarstjóra stærstu dótturfélaganna, nánustu fjölskyldu þeirra einstaklinga sem falla þarna undir. Einnig hefur verið skilgreint samband við einingar með umtalsverð ítök hjá stærstu hluthöfum Sparisjóðsins. Þessi skilgreining er byggð á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 24. Stöður við skylda aðila í árslok eru eins og hér segir:

	2008	2007
Lán til sparisjóðsstjóra og forstöðumanna.....	73.208	71.443
Lán til stjórnar og félaga tengdum þeim.....	3.024.485	1.980.440
Lán til dóttur- og hlutdeildarfélaga og aðila tengdum þeim.....	2.992.879	2.721.603
Skuldir við dóttur- og hlutdeildarfélaga og aðila tengdum þeim.....	(985.450)	(912.920)

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2008. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar um laun til ædstu stjórnenda og stjórnarmanna eru í skýringu nr. 12.

Skýringar

37. Rekstrarleiguskuldbindingar

Þann 31. desember 2008 var Sparisjóðurinn skuldbundinn af nokkrum óuppsegjanlegum rekstrarleigusamningum. Stórir fasteignaleigusamningar innihalda veruleg endurnýjunarákvæði og valrétti á hækkunum og hækkunarákvæði sem tengjast almennum leigumarkaði á skrifstofuhúsnæði. Einnig innihalda þeir leiguaðlögun tengda vísitölubreytingum. Þrátt fyrir það innihalda þessir leigusamningar ekki skilyrt leigugreiðslu ákvæði eða kauprétt.

38. Eignastýring

Eignir í stýringu sparisjóðsins greinast þannig:	31.12.2008	31.12.2007
Eignir í stýringu.....	2.297.067	2.136.245

Eignir í stýringu eru þær eignir sem Sparisjóðurinn hefur í stýringu í viðskiptastofu fyrir viðskiptavini sína.

39. Veðsettar eignir

Eignir hafa verið veðsettar vegna eftirtalinna skulda og ófyrirséðra skulda:	31.12.2008	31.12.2007
Endurkaupasamningar við Seðlabanka.....	4.062.674	0

40. Utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir á tékkareikninga. Nýttar yfirdráttarheimildir eru færðar í bækur Sparisjóðsins en ónýttar heimildir og ábyrgðir greinast þannig í þúsundum króna.

	31.12.2008	31.12.2007
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	1.285.026	5.678.299
Ónýttar yfirdráttarheimildir	2.342.218	2.978.060
Framvirkir samningar:	31.12.2008	31.12.2007
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	0	76.011
Eignir í ISK.....	13.332.202	8.633.354
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	13.199.931	8.684.631
Vaxtaskiptasamningur í ISK eign.....	0	225.750
Vaxtaskiptasamningur í ISK skuld.....	0	225.986

Áfallin staða framvirkra gjaldmiðlasamninga, kr. 132,3 milljónir er færð í efnahagsreikning á reikningsskiladegi.

Skýringar

41. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir Sparisjóðsins greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma þann 31.12.2008:

31.12.2008	Gjaldkræft	1-3	3-12	1-5	Yfir 5 ár	Samtals
		mánuðir	mánuðir	ár		
Sjóður og innstæður.....	0	1.206.188	0	0	0	1.206.188
Kröfur á fjármálafyrirtæki.....	0	195.208	0	0	0	195.208
Útlán og kröfur	1.456.061	9.346.113	11.938.742	25.108.991	36.609.272	84.459.179
Veltufjáreignir.....	0	960.800	0	168.410	3.504.091	4.633.301
Aðrar fjáreignir á gangvirði.....	0	2.270.621	0	0	0	2.270.621
	<u>1.456.061</u>	<u>13.978.930</u>	<u>11.938.742</u>	<u>25.277.401</u>	<u>40.113.363</u>	<u>92.764.497</u>
Skuldir við fjármálafyrirtæki.....	0	10.520.074	0	0	0	10.520.074
Almenn innlán.....	38.736.056	1.935.917	1.199.648	9.915.897	2.905.897	54.693.415
Lántaka.....	0	0	3.912.677	15.164.340	3.150.764	22.227.781
Víkjandi lán	0	0	0	17.713	2.679.249	2.696.962
	<u>38.736.056</u>	<u>12.455.991</u>	<u>5.112.325</u>	<u>25.097.950</u>	<u>8.735.910</u>	<u>90.138.232</u>
Fjáreignir - fjárskuldir	(37.279.995)	1.522.939	6.826.417	179.451	31.377.453	2.626.265

31.12.2007	Gjaldkræft	1-3	3-12	1-5	Yfir 5 ár	Samtals
		mánuðir	mánuðir	ár		
Sjóður og innstæður.....	0	2.444.565	0	0	0	2.444.565
Kröfur á fjármálafyrirtæki.....	0	18.658	0	0	0	18.658
Útlán og kröfur	1.668.269	9.961.255	7.823.514	22.709.834	29.850.596	72.013.468
Veltufjáreignir.....	0	3.283.389	0	151.004	1.203.465	4.637.858
Aðrar fjáreignir á gangvirði.....	0	6.369.156	0	0	0	6.369.156
	<u>1.668.269</u>	<u>22.077.023</u>	<u>7.823.514</u>	<u>22.860.838</u>	<u>31.054.061</u>	<u>85.483.705</u>
Skuldir við fjármálafyrirtæki.....	0	6.650.403	0	0	0	6.650.403
Almenn innlán.....	34.686.433	1.847.084	1.287.338	4.571.699	2.501.587	44.894.141
Lántaka.....	11.524	20.931	0	15.611.730	5.739.730	21.383.915
Víkjandi lán	0	0	0	16.441	2.535.282	2.551.723
	<u>34.697.957</u>	<u>8.518.418</u>	<u>1.287.338</u>	<u>20.199.870</u>	<u>10.776.599</u>	<u>75.480.182</u>
Fjáreignir - fjárskuldir	(33.029.688)	13.558.605	6.536.176	2.660.968	20.277.462	10.003.523

42. Áhættugreining

Áhættustýring

Tilgangur áhættustýringar er að stýra áhættum Sparisjóðsins með sem skilvirkustum hætti og gera áhættutöku sem gagnsæsta fyrir stjórnendur, allt frá stjórn til þeirra einstöku starfsmanna sem taka ákvörðun um áhættutöku. Meginhlutverk áhættustýringar og útlánaeftirlits er því að greina áhættu Sparisjóðsins á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og hafa eftirlit með að viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta séu virt. Skilvirkar aðferðir og aðgerðir við mat á áhættu eru því grundvöllur áhættustýringar Sparisjóðsins. Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík ákveður meginstefnur hvað varðar áhættustýringu og setur mörk ásætlanlegrar áhættu í daglegum rekstri Sparisjóðsins. Stjórnin setur markmið varðandi áhættustýringu og eftirlit með áhættuþáttum, svo sem útlánaáhættu, lausafjáráhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu.

42. Áhættugreining (framhald)

Framkvæmd áhættustýringar

Sparisjóðurinn starfrækir miðlæga deild innan móðurfélagsins sem hefur með höndum eftirlit og skýrslugerð varðandi mismunandi tegundir áhættu.

Ákvarðanataka byggist á skipulagi þar sem stjórn Sparisjóðsins hefur falið aðilum umboð til að gefa út leiðbeiningar og markmið varðandi ásætlanlega áhættu og ákveða einstakar stöður út frá stærð og áhættu. Upplýsingar um áhættustöður eru reglulega kynntar fyrir stjórn Sparisjóðsins.

Eftirlit og stýring lausafjárahættu

Lausafjárahætta er hætta á tapi vegna þess að ekki er hægt að standa við skuldbindingar þegar þær gjaldfalla. Sparisjóðurinn fylgist með lausafjárahættu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sparisjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirséðum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjástöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Þetta felur meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildum og fjáreignum sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisvixlum og ríkisskuldabréfum.

Auk þess er fylgst með lausafjárahættu með skýrslum um lausafjærhlutfall sem sendar eru mánaðarlega til Seðlabanka Íslands. Lausafjærhlutfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra.

Eftirlit og stýring markaðsáhættu

Stefna Sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáhættu í rekstrinum og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem stjórn hefur sett. Markaðsáhættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiðum.

Afleiður

Sparisjóðurinn á viðskipti með afleiður eins og framvirka gjaldmiðlasamninga, vaxtaskiptasamninga og aðra framvirka samninga. Sparisjóðurinn selur framvirka samninga til viðskiptavina sinna en notar framvirka gjaldmiðlasamninga og vaxtaskiptasamninga til að verjast viðskipta-, gengis- og vaxtaáhættu vegna rekstrar-, fjármögnunar- og fjárfestingastarfsemi.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta ræðst af mismun á vaxtakjörum innlána eða fjármögnunar annar svegar og útlánsvöxtum lánasafns hins vegar. Starfsemi Sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma og eru endurreiknaðar á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum.

Breytilegir vextir eigna og skulda geta einnig valdið áhættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta, LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Starfsemi áhættustýringar beinist að því að hámarka nettóvaxtatekjur að því tilskildu að markaðsvextir fari saman við stefnu stjórnar og áhættuviðmið.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á nettó vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Skýringar

42. Áhættugreining (framhald)

Vaxtaáhætta (framhald)

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerna er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvað fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Eignir	31.12.2008	31.12.2007
Sjóður og innstæður í fjármálfyrirtækjum	1.206.188	4.873.617
Kröfur á fjármálfyrirtæki	195.208	946.250
Útlán og kröfur	87.372.323	62.369.485
Veltufjáreignir	4.684.145	7.562.486
	<u>93.457.864</u>	<u>75.751.838</u>
Skuldir		
Skuldir við fjármálfyrirtæki	10.520.074	3.155.638
Almenn innlán	55.548.661	38.912.232
Lántaka	22.227.781	18.209.222
Víkjandi lán	2.696.962	2.434.232
	<u>90.993.478</u>	<u>62.711.323</u>
Vaxtaberandi eignir umfram skuldir	<u>2.464.387</u>	<u>13.040.515</u>

	31.12.2008		31.12.2007	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	12.322	24.644	65.203	130.405

Verðáhætta hlutabréfa

Sparisjóðurinn á talsverðar eignir í hlutabréfum og býr því við þá áhættu að breyting á gengi hlutabréfa muni hafa áhrif á rekstur og efnahag Sparisjóðsins.

Fjárfestingar félagsins eru að mestu leyti í skráðum eignum, en þó á félagið einnig fjárfestingar í óskráðum eignum. Fjárfestingar í hlutabréfum eru ýmist skilgreindar sem á gangvirkri í gegnum rekstrarreikning, sem veltufjáreignir eða sem fjáreignir til sölu.

	31.12.2008	31.12.2007
Veltufjáreignir	850.277	6.085.511
Hlutabréf á gangvirkri færð í rekstrarreikning	2.270.621	11.821.029
Fjáreignir til sölu	354.059	514.162

Skýringar

42. Áhættugreining (framhald)

Verðáhætta hlutabréfa (framhald)

Áhrif af 5% og 10% hækkun á markaðsverði hlutabréfa á afkomu og eigið fé eru sýnd hér að neðan. Breytingarnar eru sýndar án tillits til tekjuskatts. 5% og 10% lækkun á markaðsvirði hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2008		31.12.2007	
	5%	10%	5%	10%
Áhrif á afkomu og eigið fé	173.748	347.496	921.035	1.842.070

Gjaldeyrishætta

Gjaldeyrishætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Stöðugt er fylgst með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt í eignasafni Sparisjóðsins. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunar sem mest áhrif hafa á rekstur hennar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

Mynt	Árslokamiðgengi		Meðalgengi		Ársflökt
	2008	2007	2008	2007	
EUR	169,72	91,75	130,74	92,41	98,58%
GBP	176,25	124,95	150,60	131,76	90,17%
JPY	1,34	0,56	0,95	0,58	94,41%
CHF	114,07	55,38	84,73	56,65	95,61%
DKK	22,78	12,30	17,54	12,39	98,52%
USD	121,13	62,71	91,92	66,75	88,60%

Taflan hér á eftir sýnir eignir og skuldir í einstökum gjaldmiðlum:

Gengisáhætta 31.12.2008

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
EUR	8.659.835	(26.535.336)	(17.875.501)
GBP	816.636	(83.970)	732.666
JPY	17.793.314	(860)	17.792.454
CHF	13.414.154	(14.192)	13.399.962
DKK	189.806	(26.480)	163.326
USD	960.510	(304.373)	656.137
Annað	320.857	(32.632)	288.225
	<u>42.155.112</u>	<u>(26.997.843)</u>	<u>15.157.269</u>

Gengisáhætta 31.12.2007

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
EUR	10.888.532	(10.832.918)	55.614
GBP	658.563	(552.560)	106.003
JPY	9.977.547	(9.997.180)	(19.633)
CHF	6.509.291	(6.497.440)	11.851
DKK	337.875	(83.685)	254.190
USD	816.524	(764.336)	52.188
Annað	261.377	(99.022)	162.355
	<u>29.449.710</u>	<u>(28.827.141)</u>	<u>622.569</u>

Skýringar

42. Áhættugreining (framhald)

Gjaldeyrisáhætta (framhald)

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun gengis viðkomandi myntar gagnvart íslensku krónunni hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til eru að verulegum hluta erlend endurlán, erlendir bankareikningar og erlendar lántökur. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerna í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi viðkomandi myntar um 5% og 10% gagnvart íslensku krónunni hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé	31.12.2008		31.12.2007	
	5%	10%	5%	10%
EUR	(893.775)	(1.787.550)	2.781	5.561
GBP	36.633	73.267	5.300	10.600
JPY	889.623	1.779.245	(982)	(1.963)
CHF	669.998	1.339.996	593	1.185
DKK	8.166	16.333	12.710	25.419
USD	32.807	65.614	2.609	5.219
Annað	14.411	28.823	8.118	16.236

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta sem stafar af beinu eða óbeinu tapi sem á sér margvíslegar ástæður tengdar þróun rekstrarins, t.d. starfsmannamálum, tækni eða uppbyggingu Sparisjóðsins. Ytri ástæður, aðrar en lána-, markaðs- eða lausafjáraáhætta, geta stafað af lagalegum kröfum eða almennt viðurkenndum verklagsreglum fyrirtækja. Rekstraráhætta stafar af allri starfsemi Sparisjóðsins og snertir allar einingar í rekstrinum. Markmið Sparisjóðsins er að finna jafnvægi milli þess að lágmarka áhættu og tap og hámarka arðsemi án þess að útiloka frumkvæði starfsmanna. Stjórnendur þróa og útfæra reglur fyrir rekstraráhættu innan hverrar einingar í takt við almenn áhættuviðmið Sparisjóðsins.

Útlánaáhætta

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótaðilaáhætta fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldabréfum. Núverandi mótaðilaáhætta endurspeglast í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Sparisjóðurinn er einnig opinn fyrir mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttra yfirdráttarheimilda og veitra ábyrgða.

Stjórn Sparisjóðsins setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu Sparisjóðsins. Stjórnin hefur eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir sparisjóðsstjóra en sparisjóðsstjóri setur mörk heimilda annarra starfsmanna. Stjórnin afgreiðir lánamál umfram heimildir sparisjóðsstjóra.

Skýringar

42. Áhættugreining (framhald)

Útlánaáhætta (framhald)

Sérstakt stöðvið, Áhættustýring og útlánaeftirlit, sér um eftirlit með öllum þáttum útlána, lánveitingum, tryggingum, samsetningu lánasafns og innheimtum.

Innri endurskoðun sinnir eftirliti og ráðgjöf við ferli lánveitinga í samræmi við starfsreglur. Forstöðumaður áhættustýringar og útlánaeftirlits og innri endurskoðandi gera stjórn Sparisjóðsins viðvart ef framkvæmd lánamála er ekki í samræmi við lánastefnu eða lánareglur.

Sparisjóðsstjóri, í umboði stjórnar, ber ábyrgð á að reglum um áhættustýringu innan Sparisjóðsins sé framfylgt. Hann skal sjá til þess að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að greina, meta og mæla áhættuþætti í daglegri starfsemi sparisjóðsins. Daglegt eftirlitshlutverk áhættustýringar er í höndum forstöðumanns áhættustýringar og útlánaeftirlits. Áhættustýring og útlánaeftirlit Sparisjóðsins gengur lárétt á alla starfsemi Sparisjóðsins á hverjum tíma, og nær þar með til allra þátta í starfseminni. Meginhlutverk starfssviðsins er að greina áhættu Sparisjóðsins á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og setja ákveðin viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta. Jafnframt skal starfssviðið fylgjast með og stýra áhættu sparisjóðsins, sem kann að hafa veruleg áhrif á afkomu hans, og sjá til þess að viðeigandi vörnum verði við komið á hverjum tíma. Áhættustýring og útlánaeftirlit skal einnig gefa aðvaranir og ábendingar þegar áhætta nálgast sett viðmiðunarmörk, og sjá til þess að til viðeigandi aðgerða sé gripið.

Markmið með áhættustýringu Sparisjóðsins er að stefna að ásættanlegri afkomu Sparisjóðsins á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum og tryggja að heildaráhætta Sparisjóðsins sé ávallt innan skilgreindra marka.

Þrátt fyrir að Sparisjóðurinn vinni markvisst að því að minnka þá áhættu sem tekin er hverju sinni geta orðið breytingar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum, á samkeppnisumhverfi eða í rekstri Sparisjóðsins sem geta haft neikvæð áhrif á afkomu hans.

Útlánasafni Sparisjóðsins er dreift milli skuldara, atvinnugreina og landsvæða. Útlánasafni Sparisjóðsins er stýrt þannig að enginn einn skuldari eða fjárhagslega tengdur hópur skuldara sé með stærra hlutfall útlánasafnsins en áhættureglur segja til um.

Verðtryggingarjöfnuður

	31.12.2008	31.12.2007
Verðtryggðar eignir	40.640.167	30.179.567
Verðtryggðar skuldir	28.589.196	21.563.829
	<u>12.050.971</u>	<u>8.615.738</u>

43. Rekstrarhæfi

Eins og fram kemur í skýringu nr. 35 er eiginfjárlutfall (CAD) Sparisjóðsins í Keflavík 7,06%, eins og það er skilgreint í 84. gr. laga nr. 161/2002. Í 86. gr. sömu laga kemur fram að eiginfjárgrunnur skuli á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni. Þar segir einnig að stjórn og framkvæmdastjóra félagsins beri þegar í stað að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um ef þeir hafa ástæðu til að ætla að eiginfjárlutfallið fari undir lögboðið hlutfall. Komi fram í reikningsuppgjöri að eiginfjárgrunnur fullnægi ekki ákvæðum 84. gr. skal stjórn án tafar boða til fundar stofnfjáraðila til ákvörðunar og afhenda Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hvaða ráðstafana hún hyggst grípa til. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki allt að sex mánaða frest til að auka eiginfjárgrunn að lágmarki skv. 84. gr., með framlenginarmöguleika um aðra sex mánuði.

43. Rekstrarhæfi (framhald)

Nú liggur fyrir að eiginfjárgrunnur Sparisjóðsins í Keflavík er komin undir hið lögboðna 8% hlutfall og hefur stjórn Sparisjóðsins þegar gripið til aðgerða þ.m.t. sent Fjármálaeftirlitinu greinagerð um hvaða ráðstafana verður gripið til. Vinna hefur verið lögð í að laga gjaldeyrisjöfnuð Sparisjóðsins, en með setningu reglugerðar 1130 frá 15. desember 2008 voru afleiðuviðskipti þar sem króna er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri óheimil. Afleiðing af þessari lagasetningu var að gjaldeyrisjöfnuður varð ójafn.

Aðgerðir til að bæta eiginfjárhlutfallið hafa snúist um að færa útlán á milli gjaldmiðla og hefur töluverður ávinningur náðst nú þegar sem hefur beint áhrif á eiginfjárhlutfall Sparisjóðsins. Við þessar breytingar eykst eiginfjárhlutfallið um 0,92% og verður 7,98%. Sparisjóðurinn hefur einnig fengið vilyrði fyrir víkjandi láni að fjárhæð 350 milljónir sem myndi styrkja eiginfjárgrunn sjóðsins. Þessar aðgerðir munu laga eiginfjárhlutfallið sem nemur 0,38% sem þýðir að Sparisjóðurinn nær þá 8,36% eiginfjárhlutfalli. Þessu til viðbótar hefur stjórn Sparisjóðsins í Keflavík sótt um aðstoð frá ríkinu byggt á neyðarlögunum nr. 125/2008 sem sett voru í október 2008. Til viðbótar við aðgerðir stjórnar myndi eiginfjárhlutfall Sparisjóðsins lagast sem nemur 5,47% ef þessi aðstoð gengi eftir, og verða 13,83%.

Mjög óvenjulegar og sérstakar aðstæður hafa skapast á fjármálamarkaði og voru í kjölfarið sett neyðarlög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl. Afleiðingar þessara sviptinga á fjármálamarkaði eru m.a. mikil óvissa sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fjármálafyrirtækja landsins. Sparisjóðurinn í Keflavík hefur sótt um aðstoð frá ríkinu í samræmi við ofangreind lög. Ekki liggur fyrir hver niðurstaðan verður af hálfu ríkisins og því er ekki fyrir séð hvaða áhrif þetta ástand hefur á stöðu Sparisjóðsins í Keflavík og rekstur hans í framtíðinni.

44. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Eftir viðmiðunardag reikningskilanna hefur verið skipuð skilanevnd yfir Straumi – Burðarás fjárfestingabanka, SPRON og Sparisjóðabanka Íslands hf. (áður Icebank). Áhrif þess á rekstur- og efnahagsreikning Sparisjóðsins í Keflavík eru óveruleg en búið var að taka tillit til virðisrýrnunar á þessa eignahluti í árslok. Í mars ákvað Ríkisvaldið að koma VBS fjárfestingabanka og Saga Capital til hjálpar og er möguleiki að þessi aðgerð leiði til annars verðmats á þessum eignarhlutum en nú er miðað við í árslok í efnahagsreikningi Sparisjóðsins í Keflavík. Sparisjóðurinn í Keflavík á um 16,3% eignarhlut í VBS fjárfestingabanka.

45. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 31. mars 2009.